



Alþingi38.
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Skagafjörður, 9. mars 2023
nr. erindis 2302281 KJ

Á 38. fundi byggðarráðs sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 8. mars 2023 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Umsagnarbeiðni; Þingsályktunartillaga um innleiðingu lýðheilsumats í íslenska löggjöf

Svofelld bókun var gerð:

Lagður fram tölvupóstur dagsettur 28. febrúar 2023 þar sem velferðarnefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um innleiðingu lýðheilsumats í íslenska löggjöf, 25. mál.

Byggðarráð Skagafjarðar telur jákvætt að sérstakt lýðheilsumat verði fest í sessi á Íslandi og að lagafrumvörp verði metin sérstaklega út frá áhrifum þeirra á lýðheilsu.

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
f.h. byggðarráðs Skagafjarðar

Kristín Jónsdóttir
skjalastjóri